


# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK


**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ**

  
**MOTTU**  
— MARS —  
Gegn krabbameini í körlum



GÆTTU **TUNGU** ÞINNAR

**10 KR** AF HVERJUM LÚXUSPINNA RENNA  
TIL STYRKTAR **KRABBAMEINSFÉLAGINU**



© 2015 MOTTU

Monitor er komið með ógeð af snjónum og kuldanum og ætlar á ströndina.



FRÁ FERÐUM ÁSDÍSAR SVÖVU Í SÁDÍ-ARABÍU



## Úr píligrímsflugi í húsmæðrastörfin

Ásdís Svava Hallgrímsdóttir var flugfreyja í Sádi-Arabíu í fyrra en leggur nú stund á nám í Hússtjórnarskólanum.

„Ég hef haft mikinn áhuga á handavinnu og eldamennsku alveg frá því að ég var lítil stelpa. Ég tók mér árs pásu frá sálfræðinámi mínu svo ég gæti komist til Sádi-Arabíu og mig vantaði eitthvað að gera eftir áramót. Þetta var því tilvalið,“ segir Ásdís Svava Hallgrímsdóttir sem leggur stund á nám í Hússtjórnarskólanum í Reykjavík. „Við erum eiginlega að læra allt sem hægt er að læra,“ segir Ásdís og nefnir að á námsskránni séu klassísk störf á borð við að sauma, hekla, þrjóna, elda og baka. Námið er ein önn og eru allir 24 nemendur skólans kvenkyns. Ásdís er ættuð frá Ísafirði og býr á heimavist skólans ásamt sex öðrum stelpum. „Ég held að það hafi allir gott af því að taka eina önn í Hússtjórnarskólanum, strákar líka,“ segir Ásdís og hlær.

### Bannað að drekka og fara í ræktina

Ásdís hefur starfað sem fyrirsæta og tók þátt í keppninni Ungfrú Heimur fyrir Íslands hönd árið 2006. Undanfarið úr hefur hún hins vegar starfað sem flugfreyja og bjó meðal annars þrjá mánuði í Sádi-Arabíu fyrir áramót. „Ég fór fyrst til Ítalíu og bjó þar í þrjá mánuði. Þar var æðislegt að vera og ég reyndi að ferðast eins mikið og ég gat,“ segir Ásdís.



HÚSMÓÐIRIN FLJÚGANDI

Frá Ítalíu lá leiðin til Sádi-Arabíu þar sem henni var boðið að vera flugfreyja í píligrímsflugi. „Við bjuggum á hóteli í Sádi-Arabíu og það var frekar mikil frelsissvipting að fara þangað því þú finnur ekki strangara land. Það er bannað að drekka áfengi og konur mega ekki vinna. Okkur var sagt að við mættum alls ekki fara einar út og vorum því yfirleitt alltaf þrjár til fjórar saman,“ segir Ásdís. Hún segir að konum sé bannað að stunda líkamsrækt, en hún og vinkonur hennar gátu þó komist í ræktina með krókaleiðum.

### Ætluðu út úr vélinni í miðju flugi

Ásdís segir mörg fyndin atvik hafa komið upp í píligrímsfluginu enda hafi margir farþeganna verið að stíga upp í flugvél í fyrsta skipti. „Við fengum margar mjög undarlegar spurningar og það kom líka fyrir að fólk hélt að vélin væri lent og ætlaði að fara út úr henni þegar hún var enn á lofti,“ segir Ásdís og hlær. Þrátt fyrir gjörólíka menningu kveðst Ásdís hæstánægð með tímann í Sádi-Arabíu. „Það var mjög gaman að vera þarna og ég var í skemmtilegum félagsskap. Ég væri alveg til í að heimsækja Sádi-Arabíu aftur, en ég gæti aldrei hugsað mér að búa þarna,“ segir hún.

## Monitor mælir með

### Á VERALDARVEFNUM

Það er tilvalið að fara á vefsíðuna **FunnyOrDie.com** til að hressa sig við í vonda veðrinu. Þar er hægt að skoða drepfyndna sketsa, myndbönd, myndir og allt sem er fyndið á Netinu. Bættu FunnyOrDie.com á netrúntinn, þú munt ekki sjá eftir því.



### SPILARANN

Frumraun strákanna í **Reason To Believe** er skemmtileg tilbreyting í íslenska tónlistarflóru. Allir sem fíla eða hafa einhvern tímann fílað Blink 182 og álíka bönd ættu að kaupa sér The Scenery hið fyrsta. Platan er fáanleg á Gogoyoko.com og í næstu plötubúð.



### ÚTI Á LEIGU

Það eru enn til videoeigur á Íslandi. Í þessu viðbjóðslega veðri sem verið hefur undanfarna daga er tilvalið að rifja upp tíma áður en internetið gleypiti okkur öll og leigja spólu. Það er bara svo kósý að smella einni vhs í tækið og kvöldið er fullkomnað ef þú þarft að trekkja hana líka. **White Men Can't Jump** einhver?



## Vikan á...

## facebook

**Haukur Harðarson** farinn í wc laugum að horfa á cfc-fck og svo á kfc og svo aftur á wc...  
16. mars kl. 19:57

**Arnar Eggert Thoroddsen** Græjurnar ónýttar. Nú hlusta ég á geisladiska í gegnum túbúsjónvarp með tilstuðlan DVD spillara. Og ég á vísit að vera tónlistarrýrn...  
15. mars kl. 22:30

**Vala Grand** WOW LAGÐI MIG smá SVO ÞEGAR ÉG FÓR Á FACEBOOK EFTIR AÐ ÉG VAKNAÐI VAR UM ÞAÐ BIL 121 MAIL VERA SPYRJA UM VERÖLD VÖLU GRAND ÞÁTTIN HJÁ MBL...WOW ÉG ER I FREAKING PÁSU GEFIÐ MÉR SPACE MARR ER BUIN AÐ VERA reþlyja þetta lið um að slaka á geez ef ég fell í prófunum then no more vala grand show :/  
15. mars kl. 21:23

**Herbert Guðmundsson** Það er alltaf hægt að vera þakklát/ur fyrir eitthvað!  
14. mars kl. 9:20

## Feitast í blaðinu

**Undanúrslit Gettu betur** eru um helgina. Lið FG og Kvinnó spjalla við Monitor. >>>4

**Edda Hermanns** í viðtali. Hún ætlar ekki að byrja með Á tali með Eddu Hemm. >>>8

**Er mamma hætt að þvo af þér?** Monitor kennir þér allt sem þarf að kunna á heimilinu. >>>10

**Violet and her freaks** er ný lína frá Arndísi Ey og Sesselju Hlín. >>>12

**Sverrir Garðarsson í lokaprófinu** Hann sefur best ullarsokkum, helst gráum. >>>14

## Efst í huga Monitor

## Aðdáunarverð samstaða þjóðar

Fréttamaðurinn Jack Cafferty velti fyrir sér áhuga-verðri staðreynd um hamfarirnar í Japan í þættinum The Situation Room á CNN fyrr í vikunni. Þar fjallaði hann um hörmungarnar sem hafa átt sér stað í Japan og óreiðuna sem fylgir slíkrri eyðileggingu og mannfalli. Íbúar sem lifðu af eru margir alvarlega slasaðir, heimilislausir og mikill skortur er á vatni, mat og læknisástoð.

Þegar jarðskjálftinn reið yfir Haítí og Chile í fyrra hnupluðu óþrúttinn aðilar öllu sem þeir gátu úr rústunum og svipaðir atburðir áttu sér stað þegar fellibylurinn Katrina rústaði New Orleans árið 2005. Það virtist sem fólk sæi ekki aðra kosti en að hugsa einungis um sjálft sig og vona að þeir hæfustu myndu lifa af.

Japanir fylgja ekki eftir fordæmi fórnarlamba slíkra hamfara og nýta sér aðstæðurnar til ills. Enn hefur ekkert borið á stuldi úr matvöruhúðum eða ránum heldur stendur fólkíð saman samkvæmt upplýsingum sem hafa borist frá Japan. Fréttamaðurinn Ed West lýsti aðstæðum í Japan í The Telegraph í gær. Hann hrífst af samstöðunni sem ríkir á hamfarasvæðunum og dáist til dæmis að matvöruhúðum sem hafa lækkað verð sitt tímabundið.



HÖRMUNGAR Í JAPAN

Sama hvort það er af trúarlegum ástæðum, vegna sterkrar þjóðerniskenndar eða náungakærleiks virðast Japanir ætla að sýna heiminum hvernig komast skuli í gegnum svona hörmungar með samvinnu og góðu siðferði.

# Spurning um Boner



**SÆPÓR PÉTUR KJARTANSSON**

Fæðingardagur: 20.4.'93  
Sérþekkingarsvið: Landfræði og líffræði.

Ef þú fengir að ráða hvaða söng stuðningsmenn myndu syngja þegar þú kynnis nafn þitt í keppni, hvert væri það?

Ekkert sérstakt fyrir mig en það ætti að syngja Batman-lagið þegar Hans Marteinn kynnis sig.

Að keppa í Gettu betur er... erfitt.

Hvað þarf til að ná langt í Gettu betur? Ætli það sé ekki bara sambland af vinnu og hæfileikum, eins og með flest annað.

**HANS MARTEINN HELGASON**

Fæðingardagur: 18.10.'93  
Sérþekkingarsvið: Ekkert.

Hver væri draumaspyrillinn þinn í Gettu betur?

Logi Bergmann Eiðsson.

Hvernig er keppnisdeginum háttað?

Höldum okkur rólegum, lærum eitthvað og lesum.

Stefnirðu á sæti í Útsvarliði Garðabæjar á næsta ári?

Nei.

**ARNAR GUNNARSSON**

Fæðingardagur: 25.4.'91  
Sérþekkingarsvið: Dægurmenning.

Hver er uppáhaldsspurningin þín sem liðið hefur fengið í keppninni?

Í síðustu keppni var spurt um forseta efri deildar þingsins í Bandaríkjunum sem heitir John Boner. Þjálfarinn var búinn að fara yfir það með okkur fyrir keppnina og svo var einmitt spurt um hann í bjöllu og okkur fannst það frekar myndi.

Hver er pabbinn í liðinu?

Ég þarf náttúrulega að sjá um að strákarnir borði á réttum tíma og svona sem elsti maður liðsins.

Lið FG komst með sigri á Borgarholtsskóla, 20-17, um síðustu helgi í undanúrslit Gettu betur í fyrsta sinn í sögu skólans. Aldursforseti liðsins, Arnar Gunnarsson, segir það gaman að skrifa sig inn í sögu skólans hvað Gettu betur varðar og vonar að þeir setji fordæmi fyrir komandi ár. Hann segist ekki finna fyrir pressu frá samnemendum en segir að stemningin og áhugi fólks í skólanum hafi vaxið mjög á hans fjórum árum í skólanum. Garðabær státar af meistaratitli í Útsvari frá því í fyrra en bæjarfélagið datt út úr keppni þessa vetrar á dögnum. Spurningin er hvort það væri ekki ráð að láta Gettu betur-lið FG og spurningalið Garðabæjar mætast til að útkljá hvaða trío sé snjallasta spurningatrío bæjarins.

# FG – KVENNÓ

## Undanúrslit í Gettu betur

# Bleik górilla í fararbroddi



**LAUFHEY HARALDSDÓTTIR**

Fæðingardagur: 4.4.'92  
Sérþekkingarsvið: Það myndu vera dægurmál. Bleiki flokkurinn í Trivial.

Nú þurfa Gettu betur-keppendur að sofa mikið. Hefur þig dreymt Gettu betur?

Það hefur einu sinni komið fyrir. Ég fékk martröð um að ég væri að verða sein á keppni.

Finnurðu fyrir pressu verandi tveimur sigrum frá því að verða fyrsta stelpa til að vinna Gettu betur?

Já, smá. Það væri mjög gaman að vera fyrsta stelpa til að vinna þetta. Það er alveg komið að því.

**BJARNI LÚÐVÍKSSON**

Fæðingardagur: 21.9.'93  
Sérþekkingarsvið: Ísland.

Ef þú mættir ráða hvaða lag klapplið Kvennó syngi um þig, hvert væri óskalagið?

Veit það ekki, síðast sungu þau lagið „Baby“ með Justin Bieber með nafninu mínu. Það var allt í lagi.

Draumaspyrill í Gettu betur?

Edda Hermannsdóttir.

Að keppa í Gettu betur er... Pass!

**BJARKI FREYR MAGNÚSSON**

Fæðingardagur: 15.8.'93  
Sérþekkingarsvið: Landfræði.

Hver er uppáhaldsspurningin þín sem liðið hefur fengið í keppninni?

Spurning sem við fengum einhvertímamann í hraðaspurningum: „Hver er formaður LÍÚ?“

Hver er mamman/pabbinn í liðinu?

Laufey er náttúrulega mamman og stjórnar þessu öllu.

Hvað þarf til að ná árangri í Gettu betur?

Þetta klassíska; stanslausar æfingar og góður svefn.

Lið Kvennaskólans í ár hefur komið sterkt til leiks og vann sér sæti í undanúrslitum með sigri á MA, 27-24. Aðspurður segist Bjarni Lúðvíksson, miðjumaður liðsins, halda að um sé að ræða fyrsta skipti sem skólinn kemst í undanúrslit keppinnar. Hann bætir við að stemningin fyrir keppninni vaxi með degi og sigri hverjum innan skólans. Lukkudýr skólans hefur vakið athygli að undanförmu en það er bleik górilla með boxhanska. Spennandi verður að sjá hvort það sjáist ekki glitta í górilla bleiku í sjónvarpsútsendingu á laugardaginn næstkomandi!



NEIHF. LANDSBANKINN. KT. 471008-0280  
JÓNSSON & LEWIS • J.Ú.S. • SÍA

# Styrkir fyrir námsmenn

**Umsóknarfrestur er til 25. mars.**  
Sæktu um námsstyrk Námunnar  
á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is).

Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2011-2012. Styrkjum hefur verið fjölgað og styrkuppþæðir hækkaðar.

## Veittir verða styrkir í fjórum flokkum

- » 4 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 200.000 kr.
- » 4 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 350.000 kr.
- » 4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 400.000 kr.
- » 4 styrkir til listnáms, 400.000 kr.





**8.990,-**

**MALM náttborð**  
B50×D40, H77cm. Hvíttuð eik

**29.900,-**

**MALM rúm**  
B140×L200cm. Hvíttuð eik  
Rimlabotn og dýna seld sér

## Fermingarleikur IKEA

Ert þú að fermast? Er kominn tími til að hressa aðeins upp á herbergið þitt? Nú bjóðum við öllum fermingarbörnum ársins að taka þátt í skemmtilegum leik. Til mikils er að vinna en sigurvegarinn fær

**100.000 króna vöruúttekt í IKEA.**

Allar nánari upplýsingar má finna á [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)

Verslun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-19:30



**Frábær fermingargjöf!**  
Við minnum á rafrænu gjafakortin okkar. Upphæð að eigin vali.

# Framtíðar- draumar



**13.950,-**

**MALM** kömmóða m/3 skúffum  
B80xD48, H78cm. Hvítuð eik



**IKEA PS STICKA** rúmteppi 6.990,-  
B150xL250cm. Ólitað/marglitað



**IKEA 365+ RISP** sængurverasett  
3.690,- B150xL200/B50xL60cm  
Ýmsir litir



**FILLSTA** borðlampi 3.790,-  
H31cm. Hvítt



**IKEA STOCKHOLM BLAD** púði 2.390,-  
B55xL55cm. Hvítt/svart



/// Þegar ég byrjaði sjálf  
í sjónvarpinu kom  
það Hemma skemmtilega  
á óvart enda er hann með  
þeim reyndari í bransanum.



viðtalið



# Óvinsælt ef spyrillinn hikar

**Edda Hermannsdóttir gæti líklega lesið hraðaspurningar með bundið fyrir augun, en það er langt í að hún byrji með þáttinn **Á tali með Eddu Hemm**. Hún ræddi við **Monitor** um **Gettu betur**, fimm ára planið og auðvitað föður sinn, **Hemma Gunn**.**

**Texti:** Sigrún Jónsdóttir  
**Myndir:** Arni Sæberg

sigryn@monitor.is  
saeberg@mbl.is

sannarlega að tapa sem er ákveðin list sem ég á sjálf eftir að læra.

**E**dda Hermannsdóttir tók við starfi spyrilsins í Gettu betur þennan veturinn. Hún hefur ekki unnið áður í fjölmiðlum en þykir standa sig með eindæmum vel í pontunni. Edda stundar nám í hagfræði við Háskóla Íslands, kennir leikfimi í World Class og á tvö börn svo það er nóg um að vera hjá henni þessa dagana. „Mín kenning er að það verði allt auðveldara með skipulagi,“ segir Edda sem þarf að skipuleggja sig vel til að komast í gegnum dagana. Hún sækir sjónvarpsgeinin ekki langt en hún er dóttir goðsagnarinnar Hemma Gunn. „Hann á nóg af ráðum handa mér fyrir útsendingar,“ segir Edda sem ólst þó upp hjá móður sinni og fósturföður á Akureyri.

**Hvernig fannst þér að alast upp á Akureyri?** Það var yndislegt að vera barn þar því umhverfið er svo fjölskylduvænt. Við krakkarnir gátum verið mjög frjáls, mikið á skíðum og skautum og gert ansi mikið.

**Átt þú einhver systkini?** Já, nokkur en ég ólst bara upp með einum bróður. Við vorum mikið saman í bæði blíðu og stríðu eins og systkini almennt. Með árunum höfum við orðið betri og betri vinir og eignuðumst einmitt börn á sama árinu. Við erum því búin að vera ansi samstíga þessi seinni ár.

**Varst þú mikið hjá pabba þínum í æsku?** Nei, ég hef aldrei alist upp hjá honum. Ég var aðeins sex mánaða gömul þegar mamma og Eður fósturfaðir minn tóku saman svo ég ólst alfarið upp hjá þeim. Við Hemmi erum hins vegar finir vinir og hann á nóg af ráðum handa mér fyrir útsendingar.

**Manst þú eftir þáttunum **Á tali með Hemma Gunn**?** Já, ég man eftir þeim og hélt mikið upp á þættina. Á svipuðum tíma komst ég að því að ég væri tengd þessum manni í sjónvarpinu. Síðan þegar ég byrjaði sjálf í sjónvarpinu kom það Hemma skemmtilega á óvart enda er hann með þeim reyndari í bransanum.

**Hvernig kom það til að þú varst fengin í starf spyrilsins í **Gettu betur**?** Annars vegar er Sigrún Stefáns, dagskrárstjóri, að norðan og hún hafði frétt af mér og heyrð í mér þegar ég var formaður skólafélagsins í MA. Hins vegar gerði ég tvo útvarpsþætti síðasta sumar í tengslum við hagfræðinámið mitt og í framhaldi af þeim bað hún mig um að hafa samband við sig. Ég gerði það reyndar ekki því ég var nýorðin ólétt á þessum tíma og skildi ekki alveg hvað hún var að fara með þessu. Hún heyrði í mér aftur og bað mig um að koma í prufuþátt fyrir Gettu betur. Ég bentu henni á að ég væri ólétt og hélt auðvitað að það myndi setja strík í reikninginn. Hún hélt aldeilis ekki enda mikill kven-skörungur og veit að ólétt kona getur gert ýmislegt.

**Varst þú **Gettu betur**-lúði áður en þú fékkst starfið?** Ég hafði sérstaklega mikinn áhuga á keppninni í framhaldsskóla á síðasta árinu mínu því þá sigruðum við keppnina. Ég held að við höfum farið í þrjár ferðir til Reykjavíkur með rútum og þetta var ótrúlega skemmtileg upplifun. Eftir menntaskóla fylgdist ég með en kannski ekki jafn mikið.

**Hver fannst þér besti spyrillinn áður en þú komst til sögunnar?** Ég man langbest eftir Sigmari því hann var spyrill þegar ég var í menntaskóla svo hann er bestur fyrir mér. Ég var svo ung þegar Logi Bergmann og þeir voru spyrilar svo þeir síuðust ekki jafn mikið inn.

**Vorkennir þú alltaf tapliðinu?** Já, mér finnst voðalega erfitt að horfa á þau tapa. Ég er sjálf mjög tapsár í spilum svo ég get varla ímyndað mér hvernig þeim líður. Þau eru alveg ótrúlega góð í þessu og kunna svo

**Hver er lykillinn að því að vera góður spyrill í **Gettu betur**?** Ég þarf að minnsta kosti að æfa mig mjög vel á textanum því ég veit að það er virkilega óvinsælt ef spyrillinn hikar. Svo reyni ég að sýna starfinu virðingu og sérstaklega allri vinnunni sem keppendurnir eru búnir að leggja á sig. Þetta er fúlasta alvara hjá þeim þó fólkið heima sé að skemmta sér. Annars er ég ekki með nein trix og hef reynt að vera bara ég sjálf í þáttunum því ég kann ekki að vera neitt annað.

**Hvað er það erfiðasta við starfið?** Það er ýmislegt sem ég þurfti að læra en það erfiðasta er að venjast því að láta tala í eyrun á sér allan þáttinn. Mér fannst það mjög skrítið fyrst og átti erfitt með að einbeita mér á meðan. Það var mjög fyndið í síðasta þætti þegar stigavörðurinn átti að stilla stigin af og skipunin kom í eyrað á honum: „Stigin.“ Hann fattaði ekki alveg hvað var verið að meina og kallaði allt í einu upp: „Stigin!“ Mér krossbrá, leit á hann og þetta var hálf vandræðalegt augnablik en mjög fyndið í senn. Síðan eru auðvitað viðbrigði að hafa svona marga sem eru með sterkar skoðanir og mismunandi á því sem ég er að gera.

**Heldur þú innst inni með liði **MA** í keppninni?** Ég var þínu hrædd um að það myndi gerast en þegar ég byrjaði áttaði ég mig á því að ég er ekki lengur nýútskrifuð og komin með ákveðna fjarlægð frá menntaskólaárunum. Svo er hvert lið með sinn sjarna og það er erfitt að halda með einu frekar en öðru. Það var reyndar mjög skemmtilegt að **MA**-ingar voru að keppa í fyrstu keppninni minni í sjónvarpsal sem var ósköp heimilislegt fyrir mig. Ég þekkti öll lögin sem þau sungu og leið smá eins og þau væru þarna fyrir mig til að hjálpa mér að stjórna.

**Það erfiðasta er að venjast því að láta tala í eyrun á sér allan þáttinn.**

**Varst þú áberandi í félagslífinu í menntaskóla?** Ég fór voða rólega af stað í því þó það hafi alltaf kitlað eitthvað að taka þátt. Síðan þegar leið á ákvað ég að það væri svo stutt eftir að maður þyrfti að vera þínu hugaður og skella sér út í djúpu laugina. Ég miklaði alltaf fyrir mér að þurfa að halda framboðsræður og slíkt en ég held að þessi ákvörðun hafi gert mér mjög gott. Þarna fór ég út fyrir minn þægindahring og tók þá við hlutverki formanns skólafélagsins í **MA**. Það hentaði mér mjög vel þar sem ég hef mjög gaman af að skipuleggja.

**Heimildarmenn **Monitor** segja þig einmitt vera skipulagsfrík. Í hverju lýsir þetta sér helst?** Ég þarf að hafa mikið skipulagi. Ég er með tvö börn og vil alltaf hafa mikið að gera. Mér finnst ekkert betra en að setjast niður og skrifa hvað þarf að gerast daginn eftir og hver á að vera hvar. Svo á kvöldin renni ég yfir þetta með mannum. Mín kenning er að það verði allt auðveldara með skipulagi. Það er gott að vita hvert maður stefnir í lífinu.

**Vinkonur þínar segja þig reglulega spyrja þær út í fimm ára planið. Hvernig lítur þitt fimm ára plan út?** Ef þú hefðir spurt mig fyrir ári síðan ætlaði ég að vera í skóla og með eitt barn í dag. Síðan tók ég þá skynðiákvörðun að það væri gott að eiga tvö börn og fékk síðan starfið sem spyrill svo það er ýmislegt sem kemur óvænt upp. Núna er ég að nýta þau tækifæri sem bjóðast en svo langar mig að klára hagfræðina sem fyrst. Við hjónin stefnum bæði á að fara erlendis í frekara nám í náinni framtíð.

## HRADASPURNINGAR

**Uppáhaldsnammi?** Súkkulaði.

**Uppáhaldshljómsveit?** Núna er það Baggalútur.

**Uppáhaldsmatur?** Indverskur matur.

**Uppáhaldssjónvarpsþáttur?** Dexter.

**Besti spyrillinn?** Simmi.

**Heitasti spyrillinn?** Simmi.

**Fyndnasti spyrillinn?** Ég.

**Erfiðustu spurningarnar?** Brandara-spurningarnar hjá Erni Úlfari.

**Skemmtilegustu spurningarnar?** Hraðaspurningarnar.

**Verstu mismælin?** Þegar ég sagði að einhver eyja væri tíuþúsund ferkílómetrar í stað tíu ferkílómetra.

**Uppáhaldsflokkur í **Trivial**?** Bleikur.

**Fiskurinn eða skjaldarmerkið?** Fiskurinn.



**Af hverju ákvaðst þú að læra hagfræði?** Hagfræði var kannski skynsöm leið að fara til að þurfa ekki að ákveða alveg strax hvað maður vill verða þegar maður verður stór. Námið er praktískt og fjallar mikið um málefni líðandi stundar og það sem er að gerast í þjóðfélaginu. Ég hef áhuga á slíku, bæði því sem tengist pólitík og viðskiptum. Aðallega fór ég í hagfræðina til að hafa sem flestar opnar dyr eftir námið.

**Hyggur þú á frekari frama í fjölmiðlum?** Já, alveg eins. Það er nýr heimur að opnast fyrir mér núna. Það er ekki ólíklegt að ég vilji skoða það eftir Gettu betur. Ég ætla samt bara að byrja á að komast yfir þættina og gera það almennilega áður en ég ákveð eitthvað annað. Bara eitt í einu.

**Kæmi til greina að byrja með spjallþættina **Á tali með Eddu Hemm**?** Ég sé það ekki fyrir mér, allavega ekki alveg strax. Ég sá reyndar aldrei fyrir mér að ég yrði spyrill í Gettu betur svo maður á kannski aldrei að segja aldrei.

**Á menntaskólaárunum tókst þú mikinn þátt í mótmælum. Ert þú mikil baráttukona?** Já, ég er það í rauninni. Ég var til dæmis í Röskvu í háskólapólitíkinni áður en ég varð ólétt á síðasta ári og sat í Stúdentaráði Háskóla Íslands. Þar var ég einskonar fulltrúi fjölskyldufólks sem vill oft gleymast í háskólapólitíkinni.

**Gætir þú hugsað þér að fara út í stjórnmal?** Ég hafði gaman af því að vera í Stúdentaráði og mér finnst mikilvægt að berjast fyrir ýmsum málefnum en ég hef ekki nógu gaman af þessu til að fara út í pólitík. Ég er ekki með nógu stórt hjarta fyrir stjórnmal og færi strax að skæla við minnstu rökræður.

**Hefur tveggja barna móðir í háskólanámi sem er líka spyrill í **Gettu betur** einhvern tíma fyrir sjálfa sig?** Með skipulaginu góða hef ég furðumikinn tíma. Ég á afskaplega þæg börn og góðan eiginmann sem er duglegur heima fyrir. Svo tók ég sumarönn í háskólanum í fyrria til að geta verið í rólegheitum þessa önn.

**Hvað gerir þú í frítímanum?** Ég var að kenna leikfimi í World Class þangað til ég átti litla strákin minn í fyrria og er mikið fyrir hreyfingu og útivist. Síðan er ég voða mikil félagsvera. Mér finnst gaman að hitta vini, spila og svo erum við hjónin mjög dugleg við að halda reglulega matarboð. Ég verð að hafa mikið líf í kringum mig.

# Er mamma hætt að þvo af þér?

Það er ótrúlega svekkjandi að eyðileggja nýja kjólinn eða uppáhaldsskyrtuna sína með því að hella niður á sig. **Monitor** tók saman nokkur

húsráð en tekur enga ábyrgð á fatnaði lesenda.



## BLÓÐ

Það getur komið fyrir besta fólk að skera sig illa við matargerð og oftar en ekki fer blóðið í sparifót kvöldsins. Þá skal strax nudda blettunum upp úr saltvatni og köldu vatni. Að því loknu er best að láta flíkina liggja í saltvatni áður en hún er þvegin venjulega.



## VAX

Blettir eftir bráðnað vax eru kannski ekki þeir algengustu en geta verið mjög erfiðir viðureignar. Straujaðu blettinn með brúnum pappír yfir. Lyftu pappírnum oft til að gá hvernig gengur. Ef allt gengur að óskum ætti pappírinn að sjúga í sig vaxið og bletturinn að hverfa.



## GRASGRÆNA

Til að fjarlægja óþolandi grasgrænubletti úr fötum skal fyrsta nota mjólk og svo uppþvottalög. Byrjaðu á að dýfa blettinum ofan í mjólkina og skolaðu svo vel með vatni. Því næst skal skella uppþvottaleginum á blettinn í 4-6 klukkustundir. Passið að upplita ekki efnið með því að hafa löginn og lengi á! Það er líka hægt að nota spritt á grasgrænu með því að nudda blettinn ákaft.



## BLEK

Vinnuslys eru af ýmsum toga og eitt þeirra er þegar penninn lekur yfir nýju skyrtuna. Finndu samstarfskonu sem er með hársprey í veskinu og úðaðu miklu magni af því á blettinn. Láttu hárspreyið þorna og skelltu svo skyrtunni í næsta þvott. Einnig er sniðugt að láta flíkina liggja í mjólk yfir nótt áður en hún er þvegin.



## RAUÐVÍN

Ef þú sullar niður rauðvíni í partí þarf að hafa hraðar hendur. Besti rauðvinsblettahreinsirinn er einnig tíður partígestur svo ekki órvænta. Taktu tusku, dýfðu henni ofan í hvítvín og dumpaðu létt yfir blettinn. Ef bletturinn er of stór til að framkvæma hvítvínstrikkið er best að sturta úr saltstauknum yfir blettinn.



## Ef allt klikkar...

Helltu einni dósi af **kóki** með næsta þvotti til að ná öllum erfiðu blettunum úr. Drykkinn fræga má víst nota til að gera margt annað en að svala þorstanum svo sem taka ryð af hlutum, þrífa glugga, stilla verki, ná svertu úr pottum, drepa skordýr og laga magakveisur.



## Nýtt lag frá Brúnkubönnum

Hljómsveitin The Assasin Of A Beautiful Brunette er mögulega með lengsta hljómsveitarnafni á Íslandi. Sveitin var valin Hljómsveit fólksins á Músíktilraunum og hefur nú gefið út sitt fyrsta lag. Lagið ber nafnið Going Down og er af væntanlegri breiðskífu strákanna sem kemur út seinna á árinu. Þó strákarnir séu allir frá Selfossi skulu lesendur ekki láta blekkjast. Hér er ekki á ferðinni popphnakkagrúpa heldur alvöru rokkhljómsveit. „Það er alltaf búist við að við tökum eitthvað með Ingó eða Skítamóral þegar við spilum í Reykjavík,“ útskýrir Fannar Freyr Magnússon, gítarleikari sveitarinnar, sem segir meðlimi sveitarinnar hafa mikinn húmor fyrir þessu öllu saman. „Við gerum mikið grín af sjálfum okkur,“ segir hann og bendir á að hljómsveitin eigi ekki margt sameiginlegt með hljómsveitum á borð við Skítamóral. „Við erum allir sætir strákar og svoliðis en annars líkjumst við Skítamóral ekki neitt.“ Hægt er að ná í lagið Going Down frítt á vefsíðunni TheAssasin.net.

## TÖLVULEIKUR



### Dragon Age 2

**AAAA**

**Tegund:** Hlutverkaleikur

**PEGI merking:** 18+

**Útgefandi:** EA Games

**Dómar:** Gamespot: 8 / IGN: 8,5 / Eurogamer: 8



**HVERNIG Á AÐ TEMJA ÞENNAN DREKA?**

## Þú ert drekinn!

Þegar kemur að gerð hlutverkaleikja eru fá fyrirtæki betri í faginu en Bioware, en þeir hafa gert einstaka hlutverkaleiki á borð við Mass Effect, Knights of the Old Republic og nú Dragon Age 2. Hér fara leikmenn í hlutverk hörkutólsins Hawke sem fer frá því að vera hálf hrakinn flóttamaður yfir í að verða valdamesta persónan í heimi Dragon Age, en hann er aðalsöguhetjan í stórbrotnum söguþræði sem inniheldur slatta af hasar, drama, spennu og litríkum persónum. Söguþráður leiksins spannar 10 ár og skapast hann af aðgerðum leikmanna, en í leiknum eru fjölmargir valmöguleikar sem leikmenn standa frammi fyrir og þurfa að taka ákvarðanir um.

### Grafík og hljóð til fyrirmyndar

Dragon Age 2 er í anda hasar- og hlutverkaleikja á borð við Mass Effect, en leikmenn þurfa að vaða um og tala við fjölda persóna og fá hjá þeim verkefni og upplýsingar. Í hverju verkefni fyrir sig þurfa leikmenn að taka þátt í fjölmörgum bardögum og hefur bardagakerfi Dragon Age 2 að vissu leyti verið einfaldað frá fyrri leiknum til að ná til breiðari hóps leikmanna. Á milli bardaga þurfa

leikmenn svo að bæta persónu sína og gera hana öflugri eins og lög gera ráð fyrir í hlutverkaleikjum.

Grafík Dragon Age 2 er stórgóð og mikil vinna hefur verið lögð í hreyfingar persóna, svipbrigði þeirra og einnig umhverfið sem þær lifa og hrærast í. Talsetning og hljóð leiksins er einnig til fyrirmyndar og ná Biowaremenn að skapa trúverðugan heim með útliti og hljóði leiksins.

### Nördast tímunum saman

Spilun Dragon Age 2 telur fleiri tugi klukkutíma og ljóst að leikmenn geta gleymt sér í þessum magnaða heimi og nördast þar um eins og enginn sé morgundagurinn. Ekki eru allir á eitt sáttir varðandi þá ákvörðun Bioware að gera Dragon Age 2 líkari Mass Effect, þ.e.a.s. að gera leikinn ögn einfaldari svo að hann höfði til breiðari hóps, en sú ákvörðun er tekin eftir að hafa hlustað á spilara fyrri leiksins og bregðast við kalli þeirra.

En þeir sem vilja góðan hasar sem gerist í flottum fantasiuheimi ættu að tækka á heimi Dragon Age 2, en það er eins gott að standa sig því annars er hætta á að þú verðir drekinn..!

Ólafur Þór Jólsson



## Rapparar minnst Nate Dogg á Twitter

Þeir Snoop Dogg, 50 Cent og Ludacris hafa allir lýst yfir söknuði sínum vegna andláts kollegans Nate Dogg á Twitter-síðum sínum. Snoop segir Nate hafa verið besta vin sinn en þeir kynntust árið 1986 í menntaskóla á Long Beach. „Þú settir G-ið í G Funk, þú settir ásinn í 213 og settir mark þitt á öll þín verk,“ skrifaði Snoop meðal annars. Hann segist ánægður með að allir hundar fari til himna þar sem þá geti þeir hist aftur er hans tími kemur. 50 Cent þakkaði Nate fyrir samstarfið og sagði heiminn hafa misst mikla goðsögn við andlát hans. „Hvíldu í friði Nate Dogg. Þetta er þinn tími,“ skrifaði hann og minntist félagas síns. Ludacris bað Nate einnig að hvíla í friði og sagði rappaheiminn nú þurfa að búa við tómarúm sem verður aldrei fyllt upp í aftur. Nate Dogg eða Nathaniel Dwayne Hale var 41 árs er hann lést fyrr í vikunni.

# GOSH<sup>®</sup>

C O S M E T I C S



## Rómantískt Vor 2011

GOSH förðunarvörur, krem- og hreinsilína, bað- og body lína og mikið úrval af fylgihlutum.

Falleg augnskugga-palletta, sumarlegir og rómantískir litir. Nude Passion 001.



Miss Sweety



Miss Mole



Maskari sem lengir og þykkir.

Fluffy Peach 003, krem kinnalitur.



Highlighter.



146 Cappuccino Velvet

Silky Rose 004, krem kinnalitur.



122 Nougat Velvet



# Sirkusstjórinn Violet stjórnar og heimtar

ARNDÍS EY OG  
SESSELJA HLÍN

Arndís Ey og Sesselja Hlín hanna undir nafninu **Violet and her freaks** og hafa nú gefið út sína fyrstu línu og opnað heimasíðu.

Fatahönnuðir Arndís Ey og Sesselja Hlín eru hæfileikaríkar stúlkur. Stöllurnar hafa báðar stundað klæðskeránám við Tækniskóla Íslands og hafa verið að hanna í sitthvoru lagi síðustu árin en hafa nú sameinað krafta sína. „Við kynntumst síðasta sumar og bara smullum saman, ótrúlega fundið því við erum svo svakalega ólíkir hönnuðir, gjörsamlega svart og hvítt en saman náum við að sameina besta úr báðum heimum,“ segir Arndís. Þær hanna undir nafninu Violet and her freaks og fyrsta lína þeirra ber nafnið Bearded Lady. „Við lékum okkur rosalega mikið með hringi, þríhyrninga og kassa og hún óskrar 90's enda báðar miklir unnendur 10. áratugarins. Svo er Sirkus búinn að vera stórt og meira áberandi „inspiration“ hjá okkur svona yfir heildina litið. Þetta byggist á því að Violet eða Fjóra á íslensku sé sirkusstjórinn og línurnar eru „freak-in“ hennar og fyrsta „freak-ið“ okkar, línan, heitir Bearded Lady“.

Heimasíða þeirra hefur nú opnað undir slóðinni [www.violetandherfreaks.com](http://www.violetandherfreaks.com) en stelpurnar hönnuðu síðuna sjálfar ásamt Atla Viðari Þorsteinssyni. „Heimasíðan gefur okkur tækifæri á að sýna fólki hvað við erum að gera og þælinguna á bakvið línuna okkar“. Á heimasíðunni er hægt að versla fötin þeirra en þær hanna fyrir bæði stelpu og stráka, buxur, kjóla, boli, sokka, sundboli, leggings, skart og fleira. „Við erum að hanna nánast allt, nema skó. Við erum að drukkna úr metnaði fyrir þessa línu. Eins og fram kemur í texta á heimasíðunni þá er Violet svoltið að stjórna okkur og heimtar meira og meira, þannig að við verðum bara að hlýða“.

PIXEL GEFUR  
LÍFINU LIT

## Fáguð förðun frá **Make Up Store**

**Make Up Store** var að fá nýja og fallega línu sem ber nafnið **Pixel**. Línan er litrík og hægt að leika sér með hana og blanda saman skemmtilegum litum. **Helga Gabriela** sýndi **Stílnum** fallega förðun og notaði meðal annars liti úr Pixel-línunni. Útkoman minnir einna helst á útlit frá stríðsárunum. Virkilega fallegt.

„Ég byrjaði á því að bera „Skin Serum“ á húðina, það gefur fallega áferð fyrir farðann og bætir endingu hans. Því næst bar ég „Liquid Foundation“ á húðina. Það er léttur rakagefandi farði sem gefur mátulegan glans. Fyrir hyljara notaði ég þrískipta „Cover All“ mixið. Til að fá flott „highlight“ í kringum augnsvæðið og á kinnbeinin notaði ég „Reflex Cover light“ og til að fá ljómann í húðina notaði ég „Wonder Powder“ en það er steinefnapúður sem þú getur notað eitt og sér eða yfir farða. Mér finnst æðislegt að blanda því út í rakaremið mitt, þá kemur falleg áferð á húðina. Á augun notaði ég

blýantinn „Seduced by the Dark“ úr nýju Pixel-línunni hringinn í kringum augun og inn í vatnslínuna. Síðan bar ég á „Velvet“ augnskugga og „Devil dust“ sem er laus augnskuggi. Til að blanda og fá mýktina í augnförðunina notaði ég „Brown Sugar“ augnskugga. Í lokin dubbaði ég smá „Morning Breeze“, lausan augnskugga yfir. Til að fá fallega skyggingu á andlitið notaði ég „Nut“ kinnalit og „Beam“ sólarpúður. Í kinnarnar notaði ég „Apollo High Tech Lighter“ og „Must Have“ bleiklitaðan kinnalit. Á varirnar „Burlesque“ varablýant, „Devil“ varalit og smá „Oui“ varagloss yfir“.

MÓDEL: SIGRÚN EVA  
FATNAÐUR OG SKART: TOPSHOP  
FÖRÐUN: HELGA GABRÍELA HJÁ MAKE UP STORE

# kvikmyndir

## FERILLINN



### Matthew McConaughey

**Hæð:** 183 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** Jake Tyler Brigance í *A Time To Kill*.  
**Staðreynd:** Matthew McConaughey notar aldrei raxpíra eða svitalyktareyði. Það hefur líklega ekki verið geðslegt fyrir Penelope Cruz að leika á móti honum í kvikmyndinni *Sahara*.  
**Eitruð tilvitnun:** „Hver þarf hús þegar hægt er að búa í hjólhýsi?“

**1969** Fæddist þann 4. nóvember í Uvalde í Texas-fylki Bandaríkjana.

**1993** Lék í *Dazed And Confused* sem skaut honum upp á stjörnuhimininn. Meðal leikara í þessari költ-mynd voru einnig Ben Affleck og Milla Jovovich.

**1996** Stimplaði sig inn í Hollywood þegar hann fékk stórt hlutverk í kvikmyndinni *A Time To Kill* og lék þar á móti Söndru Bullock og Kevin Spacey.

**1998** Leikstýrði og skrifaði handritið að stuttmyndinni *The Rebel* sem flaug ekki hátt. Myndin fær 3,6 af 10 mögulegum í einkunn á Imdb.com.

**1999** Var handtekinn á heimili sínu vegna óláta snemma morguns og vörslu kannabiseftna. Nágrannar hans hringdu á lögreglu þar sem Matthew lék óstjórnlega hátt á bongótrommurnar nakinn á ókristilegum tíma. Hann slapp með sekt.

**1999** Lék hinn húðlata Ed í kvikmyndinni *EdTV*. Eftir hlutverkið varð Matthew áskrifandi að hlutverkum í rómantískum gamanmyndum og lék í hverri slíki á fætur annarri næstu árin.

**2005** Valinn kynþokkafyllsti maður veraldar af *People's Magazine*.

**2006** Kynntist barnsmóður sinni, brasilísku fyrirsætunni og sjónvarpskonunni **Camila Alves**, sem hann býr nú með í Malibu. Þau eiga saman tvö börn.



ÞETTA ER ÁST, SATT OG SANNAÐ

## Frumskýningar helgarinnar

### Love and Other Drugs

**Leikstjóri:** Edward Zwick.  
**Aðalhlutverk:** Jake Gyllenhaal, Anne Hathaway, Oliver Platt og Hank Azaria.  
**Dómar:** IMDB: 6,6 / Metacritic: 5,5 / Rotten Tomatoes: 48%.  
**Aldurstakmark:** 7 ára.  
**Lengd:** 112 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Smárábíó og Háskólabíó.

Jamie fær vinnu hjá lyfjafyrirtæki og vinnur sig fljótt og örugglega upp metorðastigann, aðallega með því að beita persónutöfrum sínum á kvenfólk. Þegar hann hittir Maggie kynnist hann loks jafnoka sínum. Hún sér strax í gegnum hann og eru þau orðin bólfélagar á innan við hálf tíma frá fyrsta stefnumótinu. Þau fella hugi saman en brátt fara kvillar hjá þeim báðum og veikindi hennar að setja strík í sambandið.



### Season of the Witch

**Leikstjóri:** Dominic Sena.  
**Aðalhlutverk:** Nicolas Cage, Ron Perlman og Claire Foy.  
**Dómar:** IMDB: 5,5 / Metacritic: 2,8 / Rotten Tomatoes: 5%.  
**Aldurstakmark:** 14 ára.  
**Lengd:** 95 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Smárábíó og Háskólabíó.



### Unknown

**Leikstjóri:** Jaume Collet-Serra.  
**Aðalhlutverk:** Liam Neeson, Diane Kruger og January Jones.  
**Lengd:** 113 mínútur.  
**Dómar:** IMDB: 7,2 / Metacritic: 5,6 / Rotten Tomatoes: 55%.  
**Aldurstakmark:** 16 ára.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin.



### Biutiful

**Leikstjóri:** Alejandro González Iñárritua.  
**Aðalhlutverk:** Javier Bardem, Maricel Álvarez og Hanaa Bouchaiby.  
**Dómar:** IMDB: 7,6 / Metacritic: 66% / Rotten Tomatoes: 5,8.  
**Aldurstakmark:** 12 ára.  
**Lengd:** 148 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Háskólabíó.



### Mars Needs Moms

**Leikstjóri:** Simon Wells.  
**Leikraddir:** Seth Rogen, Joan Cusack, Breckin Meyer og Elisabeth Harnois.  
**Dómar:** IMDB: 4,3 / Metacritic: 4,9 / Rotten Tomatoes: 38%.  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum.  
**Lengd:** 88 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin.



## KVIKMYND

### Fínasta stórslysamynd

Hér er á ferðinni aðeins öðruvísi geimverumynd en maður hefur séð áður. Við fylgjumst ekki með öllum Bandaríkjunum berjast við geimverurnar með forsetanum og ameríska fánanum í forgrunni heldur er athyglinni beint að einum herflokki. Það fannst mér skemmtilegt. Svólitið eins og að horfa á *Black Hawk Down* nema andstæðingarnir eru geimverur. Mér fannst líka gott að amerískum þjóðernissetningum var haldið í lágmarki og öskrin voru meira í formi einfaldra „sýnum þeim hvað í okkur býr“ hvatningarorða.

#### Veik persónusköpun en flottar brellur

Einn helsti veikleiki myndarinnar er handritið. Það var á köflum full klisjukennt og þá sérstaklega í byrjun myndarinnar þegar persónur voru kynntar til leiks. Það var ekki eytt miklum tíma í persónurnar sem gerði það að verkum að manni var eiginlega alveg sama um þær. Þetta voru bara einhverjar stereótýpur sem maður hefur séð milljón sinnum áður. Einn að fara að gifta sig, einn á von á barni og einn 17 ára sem hefur aldrei upplifað neitt á ævinni. Svo koma auðvitað tvö börn til sögunnar sem þarf að hressast með í gegnum öll lætin, kona sem er dýralæknir og spænskur innflytjandi. Aaron Eckhart, aðalleikari myndarinnar, er þó svalur og gerir þetta vel. Mér var ekki sama um hann.

Þrátt fyrir það er hér á ferðinni mjög fin Hollywood stórslysamynd. Öll tæknivinnsla er til fyrirmyndar, hljóðið er fánalega gott og tæknibrellurnar rosa allar. Þetta er líklega ein af þessum myndum sem þú annað hvort filar eða filar ekki, en ég hafði gaman af henni og hún hélt mér allan tímann. Verður kannski aldrei nein klassík en mjög skemmtileg bíóferð engu að síður. Hún fær líka plús fyrir að vera ekki í þrívídd.

Kristján Sturla Bjarnason

### Battle: Los Angeles

**Leikstjóri:** Jonathan Liebesman.  
**Aðalhlutverk:** Aaron Eckhart, Michelle Rodriguez, Bridget Moynahan og Ne-Yo.  
**Lengd:** 116 mínútur.  
**Lengd:** IMDB: 6,7 / Metacritic: 6,6 / Rotten Tomatoes: 33%.



## Popp-korn

Sarah Jessica Parker er þekktust sem Carrie Bradshaw en vill nú breyta til og er með nokkur verkefni í bígerð. Hún náði í bitastætt hlutverk í kvikmyndinni *New Year's Eve* sem allir sannir aðdáendur rómantískra gamanmynda bíða spennir eftir og mun einnig leika í kvikmyndinni *Married And Cheating* sem segir frá þremur þörum í sambandskrísu.



Tom Hanks berst við sjóræningja í nýjustu mynd sinni sem hefur ekki fengið nafn ennþá. Myndin segir frá sjómanninum Phillips, leiknum af Hanks, sem verður fyrir árás sjóræningja frá Sómalíu úti á reginhafi. Phillips bauð sjálfan sig fram sem gísl og eyddi þremur sólarhringum á sjóræningjaskipinu. Sagan er byggð á raunverulegum atburðum sem áttu sér stað árið 2009.



Fyrsta leikstjóraverkefni Drew Barrymore, *Whip It*, heppnaðist ágætlega og nú er hún æst að komast aftur í leikstjórastólinn. Næsta verkefni Barrymore er kvikmyndin *How To Be Single* sem er byggð á skáldsögu eftir Liz Tuccillo. Myndin er í svipuðum stíl og rómantíska gamanmyndin *Valentine's Day* og segir frá ástum og örlögum nokkurra íbúa í New York.



# holt er gott

**KJÚKLINGUR**  
alvöru grillaður kjúklingur

Grensásveg 15 | Reykjavík | Sími 588 8585

Opíð alla daga 11:00 - 22:00

www.bkkjuklingur.is

**SÓDÓMA**  
Tvípunktur  
Laugard. kl. 16 og 20

## Tilvalið fyrir helgarpabba



Rás 2 í samstarfi við Sódómu Reykjavík hóf í síðasta mánuði tónleikaröðina **Tvípunktur**. Haldnir verða tvennir tónleikar sama daginn, einn laugardag í hverjum mánuði. Fyrri tónleikarnir eru áfengislaus skemmtun og eru opnir öllum en þeir seinni eru einungis fyrir 18 ára og eldri. „Hugmyndin að seríunni er sú að okkur fannst þörf fyrir að leyfa fjölskyldufólki og ungu fólki að sjá alvöru hljómsveitir í alvöru umhverfi með alvöru sánda,“ útskýrir Gylfi Blöndal, umsjónarmaður Sódómu Reykjavík. „Þetta er okkar framlag til að byggja upp nýjan hóp af tónleikagestum sem eru ekki enn komnir á aldur,“ bendir Gylfi á og vonast til að tónleikaröðin fái góðar viðtökur. „Tónleikarnir eru til dæmis mjög sniðugir fyrir helgarpabba,“ segir Gylfi og fagna helgarpabbar sem eru uppkroppa með hugmyndir væntanlega þessu skemmtilega framtaki.

Hljómsveitirnar **Agent Fresco** og **Cliff Clavin** rokka á Tvípunkti á laugardaginn kl. 16 og 20 en um kvöldið bætist svo við IKEA Satan til að sprengja þakið endanlega af húsinu. Miðaverð á fyrri tónleikana er 500 krónur fyrir yngri en 18 ára og 1000 krónur fyrir 18 ára og eldri. Um kvöldið kostar svo 1.000 krónur inn fyrir alla.

# fílófaxið

fimmtudag 17 mars

**SVAVAR KNÚTUR Í GÓÐUM FÍLING**  
Rósenberg  
**20:30** Svavar Knútur söngvaskáld og gleðigjafi syngur blandaða dagskrá á Rósenberg. Hinn ungi og uppnandi Daniel Jón sér um upphitun og almennan ungæðingshátt. 1.500 kall inn.

**STONE TEMPLE PILOTS TRIBUTE**  
Sódóma  
**22:00** Gruggsveitin Stone Temple Pilots hefur löngum kært rokkhunda heimsbyggðarinnar með stuðlögum sínum. Nú ætla nokkrir valinkunnir tónlistarmenn að heiðra sveitina sem er enn í fullu fjöri og flytja lög frá ferli hennar. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

**HUNK OF A MAN**  
Kaffibarinn  
**23:00** Tónleikaferðalagið um Reykjavík heldur áfram hjá Hunk Of A Man sem er einnig þekktur sem Maggi Lego, Buckmaster De La Cruz Herb Legowitz og The Fox.

## föstudag 18 mars

**SVEITABALL MEÐ DR. SPOCK**  
Nasa  
**21:00** Það er komið að því að Dr. Spock telji í alvöru tónleika. Ferillinn verður rífaður upp með tilheyrandi kátinu og glensu. Að sjálfsgöðu mætir guli gúmmihanskinn á staðinn í öllu sínu veldi. Auk Dr. Spock munu stíga á svið Haffi Haff, Endless Dark, Cliff Clavin og fleiri gestir. Aðstandendur lofa rokksturlun. Miðaverð er 1000 krónur.

**GRAPEVINE GRASSROOT CONCERT**  
Hemmi og Valdi  
**21:00** Grapevine heldur áfram að kynna íslenska grasrót. Í þetta skiptið verða það hljómsveitir BAKU BAKU, Hollow Veins og M3G4TR0N1K sem leika fyrir tónleikagesti. Fritt inn.

**VALDIMAR, ÉG OG SPACEVESTITÉ**  
Sódóma  
**22:00** Valdmar og Hljómsveitin Eg hafa slegið í gegn að undanförmu og ætla að spila á tónleikum á Sódómu á föstudaginn. Hljómsveitin Spacevestite hitar upp en þar er á ferðinni ung og spennandi hljómsveit úr Hafnarfirðinum. Aðgangseyrir er 1000 krónur.



**OMAM, OO OG WK**  
Faktorý  
**22:00** Hljómsveitirnar Of Monsters And Men, Orphic Oxtra og Who Knew verða í fullri lengd á Faktorý. Tónleikarnir eru haldnir til að afla fjár fyrir Of Monsters And Men þar sem þau eru á leiðinni í hljóðver að taka upp sína fyrstu breiðskífu. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

## laugardag 19 mars

**MUMMI, PUNNI OG PUB-QUIZ**  
Rauða Ljónið  
**22:30** Tónlistarmaðurinn Mummi, listamaðurinn Punni og Bívar halda uppi fjörinu á Rauða Ljóninu. Kvöldið hefst á pub-quizi og endar á trúðarostemningu sem Mummi og hinn dularfulli Punni sjá um. Tilboð á mat og drykk. Fritt inn.

**HEAVEN SHALL BURN**  
Café Amsterdam  
**23:00** Þýsku þungarokkarnir í Heaven Shall Burn komu til landsins árið 2003 og hafa þróað að snúa aftur hingað síðan. Upphitun verður í höndum Gone Postal, Angist og Ophidian I. Miðaverð er 2000 krónur.

**Bólurnar burt!**

„Ég hef verið með bólur í andliti síðan ég var 16 ára. Ég reyndi allt... síðan fann ég loksins það sem virkaði. Það heitir Proactiv®“

Vanessa Williams

proactiv SOLUTION

www.heilsubudin.is

# LOKAPRÓFIÐ

17. mars 2011 | MONITOR skólinn

Ég heiti Sverrir Gardarsson. Besti tónlistarmaður í heimi er

Þú veist hver ég er af því að Eg sýni þá kurteisni að svara þessum stórfurðulegu spurningum.

Ef ég þyrfti að gera eitt af eftirfarandi myndi ég helst vilja

a) Klippa táneglurnar á Heimi þjálfara  
b) Kúra með Tommy Nielsen  
c) Snyrta Jón Ragnar Jónsson  
d) Baða Matta Vill  
e) Kreista bólu á Gunna Kri

Af því að Hann er snyrtipinnur. Snyrtipinnar vilja alltaf láta snyrta sig aðeins betur.

Það besta við fótboltann er

a) Félagsskapurinn  
b) Kvenhyllin  
c) Hjálmurinn  
d) Lyktin af nýslegnu grasi  
e) Af því að það er mangvera í nóinni snechtinu við guðsgræna nátturlína.

Það besta við handboltann er

a) Sturtuklefinn  
b) Félagsskapurinn  
c) Harkan  
d) Tónlistin í hálfleik  
e) Bekkurinn

Af því að þar gefst þetta næði fyrir uppbyggilegar samræði en inná vellið.

Það þyngsta sem ég hef vegið eru 139 kíló sem er ótrúlegt því ég er 39 kíló núna.

Mér finnst skemmtilegra í

a) Fótbolta  
b) Handbolta

Af því að þar er leikmönnum fjálfst að sparka í boltann ef þá langar til.

Það sem fáir vita um mig er að ég set best í ullarsokkum, helst gráum.

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Sverrir Gardarsson

Besti tónlistarmaður er

a) Jón Jónsson  
b) Friðrik Ómar  
c) Raggi Bjarna  
d) Jarfríður Frimansdóttir

Af því að Ródd hefnar og sviðstrákomu er ómótskræðileg

Besti tónlistarmaður Hafnarfjarðar er

a) Jón Jónsson  
b) Friðrik Dór  
c) Ragnar Zólberg  
d) Jarfríður

Af því að Hún er best geymda leyndarmálið

Ef ég væri ekki Sverrir Gardars myndi ég helst vilja vera

a) Sverrir Stormsker  
b) Sveppi  
c) Sverrir Bergmann  
d) Gardar Gunnlaugs

Því hann er svo kultiverður á allan hátt og mikið seutiluenni

Lífið er forvitulegt af því að fólk er stöðugt að spyrja forvitulegra spurninga

Uppáhaldsmaturinn minn er vel kærir kraitspungar en það ógæðlegasta sem ég hef smakkað er djúpstektir kraitspungar með surkáli.

Heitasta fótboltakonan er

a) Dóra María Lárusdóttir  
b) Embla Grétarsdóttir  
c) Sara Björk Gunnarsdóttir  
d) Ég fíla bara handboltakonur  
e)

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Ylmi Kristjánssdóttur til að leika mig en líklega yrði það samt Tina Turner

Síðasta sms sem ég fékk var frá Gæddafi og í því stóð Að hann hefði áhyggjur af stöðu ísi kranu og tildeilum um stjórnlagagöngu

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa þeir hafa sigurmatinn sem trúði því.

# Síðast en ekki síst

» Ólöf Rut, nemi við Listaháskóla Íslands, fílar:

**Kvikmynd Howl's Moving Castle** gerir mig alltaf hamingjusama. Annars er The Room meistarastykki sem enginn má láta fram hjá sér fara!

**Sjónvarpsþáttur** Það er ekkert annað í sjónvarpinu heima hjá mér en **FIFA 2006** svo ætli það sé ekki bara það. Annars auglýsi ég hér með eftir einhverjum sem er með Stöð 2 og vill leyfa mér að koma í heimsókn þegar nýja serían frá Steinda Jr. verður sýnd í apríl.

**Bók Anybody Can Be Cool But Awesome Takes Practise** eftir Lorraine Peterson sem og allt óútgefið efni frá ritlistarnemanum Pálma Frey Hauksyni.

**Plata** Mér finnst **Prins Pólo** vera skemmtilegasta hljómsveit í heimi! Var í teiti um daginn þar sem ég var ekki samræðuhæf því ég var svo mikið að hlusta og hafa gaman af textunum. Tengi sérstaklega vel við textabrotið: „Vildir mig ekki þá, vildir mig ekki síðar og þú vilt mig ekki enn. Þó ég spyrji eftir þér á hverjum degi þá viltu aldrei vera memm.“ Verð einnig að skella þumli á nýju frá Sin Fang og Kurt Vile.

**Vefsíða** Fæ ekki nóg af **Manbabies.com**. Svo er líka flott framtak í gangi á Eyjogisla.com.

**Staður** Hveragerði. Vegna: a) sundlaugarinnar, b) heita lækjarins í Reykjardal og c) Bóbó.



Gríptu með þér Floridana. Morgunsafi, Heilsusafi og Appelsínusafi frá Floridana eru 100% hreindir ávaxtasafar framleiddir úr úrvals hráefnum og innihalda engan viðbættan sykur. **Fáðu þér Floridana og lifðu vel.**

**Floridana**  
LIFÐU VEL!



# Vertu með Netið í símanum!

**300 MB** fyrir aðeins **490 kr.** á mánuði og **0 kr.** á netið alla föstudaga í mars.\*

[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)



VERTU MEÐ

\*0 kr. á föstudögum – gildir um allt niðurhal í farsíma á Íslandi, 100 MB yfir daginn.